

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Ólafíu Jónsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn ber nafnið Minningarsjóður Ólafíu Jónsdóttur. Heimili hans og varnarþing eru í Reykjavík.

2. gr.

Geðverndarfélag Íslands er stofnandi sjóðsins. Stofnfé sjóðsins, sem jafnframt er höfuðstóll hans, eru eftirtaldar eignir sem sonur Ólafíu, Guðmundur Arnar Sigurjónsson hefur arfleitt Geðverndarfélag Íslands að með arfleiddsluskrá dagsettri 9. mars 1993:

- 1) Íbúð á 1. hæð til vinstri að Rauðararstíg 40 í Reykjavík, með tilheyrandi lóðarréttindum.
- 2) Spariskírteini ríkissjóðs 1990 1. fl. D að nafnverði kr. 1.350.000, – einmilljónþrjúhundruðogfimmtíuþúsund –.
- 3) Peningar að fjárhæð kr. 505.000, – fimmhundruðogfimmtíuþúsund –, ásamt vöxtum.
- 4) Hlutabréf í Flugleiðum hf. að nafnvirði kr. 9.720, -níuþúsundsjö hundruðogtuttugu-.

Stjórn sjóðsins er ávallt skylt að ávaxta fjármuni hans á sem hagkvæmastan hátt. Til úthlutunar má eingöngu verja vaxtatekjum sjóðsins, öllum eða að hluta. Höfuðstóll skal ávallt standa óskertur. Heimilt er að efla sjóðinn með minningargjöfum og frjálsum framlögum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita viðurkenningu fyrir sérstaklega vel unnin geðverndarstörf og rannsóknir eða styrki til þeirra. Styrkir sjóðsins skulu að jafnaði vera óafturkræfir en stjórn sjóðsins er þó heimilt að setja skilyrði fyrir veitingu þeirra.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Stjórn Geðverndarfélags Íslands skipar stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn, þar af formann sjóðsstjórnarinnar sérstaklega.

5. gr.

Stjórn sjóðsins fer með málefni sjóðsins og tekur ákvarðanir um úthlutanir úr honum. Stjórnin skal halda gerðarbók um alla starfsemi sjóðsins.

6. gr.

Úthluta skal úr sjóðnum einu sinni á ári. Miða skal við að úthlutun fari fram á fæðingardegi Ólafíu Jónsdóttur sem er 11. júní. Úthluta skal úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 1996 og er þá heimilt að úthluta öllum eignfærðum vöxtum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir með reikningum Geðverndarfélags Íslands og stofnana þess. Endurskoðendur Geðverndarfélags Íslands skulu yfirfara og árita reikninga sjóðsins ásamt stjórn þess og löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má einungis breyta með einróma samþykki sjóðsstjórnar og að fengnu samþykki stjórnar Geðverndarfélags Íslands. Það sama gildir um ákvörðun um niðurlagningu sjóðsins. Verði sjóðurinn lagður niður renna fjármunir hans til Geðverndarfélags Íslands.

9. gr.

Dómsmálaráðuneytið staðfestir skipulagsskrá þessa.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. september 1995.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Styrktarsjóð Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins
til minningar um Þorstein Helga Ásgeirsson.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins til minningar um Þorstein Helga Ásgeirsson. Stofnendur eru Gunnar Albert, Sveinn Elías og Guðmundur Freyr Hanssynir, Magnea Rannveig Hansdóttir, Ásgeir Þorsteinsson og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Heimili hans og varnarþing er í Kópavogi.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til símenntunar og fræðilegra rannsókna á sviði fatlana barna, með það að leiðarljósi að efla fræðilega þekkingu og faglega þjónustu við fötlud börn og fjölskyldur þeirra. Skal starfsfólk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins að jafnaði hafa forgang um styrkveitingar úr sjóðnum.

3. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum er einstaklingar, fyrirtæki og félög leggja fram. Jafnframt getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna, m.a. með útgáfu minningarkorta. Nöfn þeirra sem styrkja sjóðinn skulu færð í sérstaka nafnaskrá í vörslu stjórnar.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 450.000 sem ekki má skerða. Óheimilt er að úthluta meira en helmingi tekna hans þar til höfuðstóll hefur náð kr. 750.000. Þegar þeirri fjárhæð er náð, skal heimilt að úthluta úr sjóðnum sem nemur þremur fjórðu hlutum tekna hans þar til höfuðstóll